

## AUGLÝSING

### um tollverð notaðra bifreiða.

#### 1. gr.

Toliverð notaðra bifreiða, sem keyptar eru til landsins, skal fundið skv. meginreglum 5.—7. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., sbr. einkum 2. mgr. 7. gr. Nú er hið umsamda kaupverð lægra en matsverð skv. 2. og 5. gr. auglýsingar þessarar, og skal þá leggja það verð til grundvallar, sem hærra er.

#### 2. gr.

Að öðru leyti hefur ráðuneytið ákveðið að setja svofelldar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs, þegar um bifreiðar er að ræða, sem teljast til tnr. 87.02.12, 87.02.35, 87.02.36, 87.02.37 og 87.02.39:

Fob-verð notaðra bifreiða í ofangreindum tollskrárnúmerum skal fundið á þann hátt, að til grundvallar sé lagt fob-verð nýrrar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund, en nýjustu árgerð, eins og það er á komudegi þess farartækis, sem flytur notuðu bifreiðina til landsins.

Til frádráttar því verði skal við ákvörðun fob-verðs veittur eftirfarandi aldursafsláttur, sem reiknast frá 1. júlí árgerðarárs viðkomandi bifreiðar:

Fyrstu 6 mán. ....	1.5% per mán.
Næstu 18 mán. ....	1.0% per mán.
Eftir það .....	0.5% per mán.

#### 3. gr.

Nú hefur maður, er flytur húferlum til landsins, bifreið með sér frá útlöndum, og bifreiðin hefur verið í eigu þess manns í a. m. k. 1 ár, og skulu þá gilda sömu reglur og kveðið er á um í 2. gr. auglýsingar þessarar, nema hvað aldursafsláttur skal vera 1.5% á mánuði, fyrstu 6 mánuðina, en síðan 1% á mánuði. Skal ætíð leggja matsverð til grundvallar útreikningi tollverðs en ekki upphaflegt kaupverð, við veitingu aldursafsláttar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

#### 4. gr.

Drátt fyrir ákvæði 2., 3. og 7. gr. skal við veitingu aldursafsláttar aldrei farið niður fyrir 10% af því verði, sem lagt er til grundvallar í 2. mgr. 2. gr.

#### 5. gr.

Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða, sem teljast til tnr. 87.01.20, 87.02.20, 87.02.33 og 87.02.34, skal aldursafsláttur vera 1.2% fyrir hvern aldursmánuð, allt að 40 mánuðum, og er það hámarksfyrning. Að öðru leyti fer um ákvörðun fob-verðs eins og segir í 2. og 3. mgr. 2. gr. auglýsingar þessarar.

#### 6. gr.

Árgerð bifreiðar skal sönnuð með vottorði opinbers skráningaraðila í því landi, er bifreiðin var fyrst tekin í notkun í, eða á annan hátt, sem tollyfirvöld meta gildan. Aldursafsláttur miðast við komudag þess farartækis, er flytur bifreiðina til landsins. Hluta úr mánuði skal sleppt við útreikning aldursafsláttar.

## 7. gr.

Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðsstarfsmanns, sem seld er hérlendis, en hefur verið flutt inn samkvæmt ákvæðum 8. tl. 2. gr. tollskrárlaga, skal njóta aldursafsláttar samkvæmt ákvæðum 3. gr., en skoðast flutt til landsins á söludegi.

## 8. gr.

Í þeim tilvikum, að ekki er hægt að styðjast við ákvæði 2. mgr. 2. gr., er viðkomandi tollstjóra heimilt að láta fara fram sérstakt mat á viðkomandi bifreið, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 1/1970.

## 9. gr.

Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða skal hvorki taka tillit til útlits né ástands, sbr. þó 8. gr.

Matsregla sú, sem fram kemur í auglýsingu þessari er bindandi, og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

## 10. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., tekur gildi hinn 1. mars 1974, og er þá jafnframt úr gildi numin auglýsing ráðuneytisins nr. 205/1972 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1974.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

Þorsteinn Ólafsson.

## GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Akraness.

### Almennur vatnsskattur.

## 1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamatí og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.22% af gildandi fasteignamatí eignarinnar hverju sinni.

## 2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal hlita eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð.

Íbúðarhús, minnst .....	5.80 kr./m <sup>3</sup>
Iðnaðarhús, minnst .....	1.40 —
Vörugeymslur, minnst .....	1.40 —
Allt annað húsnæði, minnst .....	5.80 —

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1970 og breytast í samræmi við það.